

Meanta- og menningarmálaráðuneytið
Áb.: <i>MM</i>
13. SEP. 2013
Tílv.: MMR 13010307
Db.: 6.14.3



Garðabæ, 12. september 2013


Svör við tillögum til úrbóta, lögðum fram í skýrslunni **Úttekt á starfsemi Fjölbrautaskólans í Garðabæ** sem var unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Við viljum byrja á því að þakka fyrir skýrsluna. Hún er að okkar mati vel unnin og mun nýtast skólanum vel í því starfi sem framundan er.

Í bréfi ráðuneytisins erum við beðin um að gera „... grein fyrir því hvort og hvernig fyrirhugaðar úrbætur tengjast markmiðum í skólasamningi.“ Þegar athugasemdir úttektaraðila eru skoðaðar snerta þær aðeins að litlu leyti skólasamning FG og ráðuneytisins. Í lið eitt er fjallað um almenna hluta skólanámskrár og þar ljóst að við náðum ekki að ljúka honum í tæka tíð ef horft er til skólasamningsins. Í lið 10 er fjallað um upplýsingatækni og má segja að þar sé unnið eftir markmiðum sett í skólasamningi og vel gangi að ná þeim markmiðum. En óneitanlega setur þröngur fjárhagur okkur skorður í hversu kappsöm við getum verið í upplýsingatækni.

Á blaðsíðu 53 í skýrslunni eru lagðar fram 11 tillögur að aðgerðum til úrbóta og munum við svara þeim lið fyrir lið og tímasetja eftir föngum viðbrögð okkar við tillögum til úrbóta.

Virðingarfyllst,



Kristinn Þorsteinsson skólameistari.



- 1. Lokið verði við endurskoðun almenna hluta skólanámskrá allra aðila skólasamfélagsins.** Þessi vinna er í fullum gangi og verður lögð lokahönd á verkið á haustönn 2013. Yfirumsjón með verkinu hefur nefnd sem í situr skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri og tveir kennarar. Í kjölfarið mun almenni hluti námskrár fara í umsagnarferli hjá stjórn nemendafélagsins, stjórn kennarafélagsins, skólanefnd og foreldraráði skólans.
- 2. Skoðuð verði þörf fyrir húsnæði og tæki út frá stefnu skólans og aðsóknar í hann.** Þessi úttekt hefur þegar farið fram. Teiknuð hefur verið viðbygging og byggingarnefnd skipuð árið 2007. Samkvæmt áætlun átti að taka nýtt húsnæði og tæki í notkun haustið 2010. Efnhagshrunið batt hinsvegar enda á allar byggingaframkvæmdir og hefur ekki tekist að fá þær í gang á nýjan leik. Skólayfirvöld og bæjarstjórn Garðabæjar hafa þrýst á um að bygging hefjist á nýjan leik. Það sem hefur breyst síðan ákvörðun um viðbyggingu var tekin er að aðsókn að skólanum hefur aukist og nemendum hefur fjölgað á listnámsbraut og starfsbraut. Viðbyggingunni er einmitt ætlað að bæta úr brýnni þörf þessara brauta. Því beinum við þessum lið til mennta- og menningarmálaráðuneytisins og vonum jafnframt að svigrúm skapist til að hefja aftur undirbúning og framkvæmdir við viðbyggingu við Fjölbrautaskólann í Garðabæ. Betur verður fjallað um skort á tækjum í svari við lið númer 10.
- 3. Kanna frekar ástæður slakrar mætingar nemenda og leitast við að finna leiðir til úrbóta.** Skólasókn nemenda í framhaldsskólum er gamalt vandamál og var ákveðið 2010 að gera stóráttak til að bæta skólasókn. Átakið bar árangur fyrstu tvö árin en síðan hefur ekkert þokast. Ljóst er að aðferðir þær sem beitt var eru ekki að skila þeim árangri sem stefnt var að. Í könnun meðal nemenda og forráðarmanna hefur ítrekað komi fram að þeim þyki skóladagurinn of langur. Fyrir þetta skólaár ákváðum við að gera breytingar og breyttum stokkatöflu skólans. Almennir kennslutímar eru styttnir um tíu mínútur og þess í stað boðið upp á smiðjur í lok dags sem eru undir stjórn kennara. Þannig nást tvö markmið sem eru að veita nemendum betri þjónustu í smærri hópum og stytta skóladaginn. Fleiri upplýsingar um smiðjurnar má sjá [hér](#). Það er of snemmt að svara því á þessum tímamarki hvernig til tekst en það er mjög mikilvægt að fylgjast vel með og mæla árangur eftir föngum og spyrja nemendur og kennara hvernig tekst til. Í skólanum er framkvæmt kennslumat á hverri önn og verður í lok annarinnar spurt sérstaklega um viðhorf nemenda til þessara breytinga.
- 4. Skoðuð verði betur hvort einelti er til í skólanum.** FG hefur alltaf verið þátttakandi í könnunum sem ráðuneytið lætur framkvæma. Í könnun sem gerð var 2010 af Rannsóknum og greiningu var spurt sérstaklega um einelti og var samkvæmt niðurstöðum þeirrar könnunar ástandið hér sambærilegt og á landinu öllu. Skólinn og foreldraráðið fengu fulltrúa frá Rannsóknum og greiningu til okkar til að ræða sérstaklega um niðurstöðu þessarar rannsóknar. Nú er fyrirhuguð ný rannsókn í haust og munu niðurstöður liggja fyrir í febrúar 2014. Verður þá metið hvort grípa þurfi til sérstakra aðgerða innan skólans. Skólinn er með eineltisáætlun á heimasíðunni sem er fylgt eftir þegar upp koma kvartanir um einelti.



5. **Rýnt verði betur í tölur um vímuefni í könnun á líðan nemenda og brugðist við þeim með frekari aðgerðum.**

Í vor var framkvæmd könnun á vímuefnaneyslu ungmenna og sjónum sérstaklega beint að kannabisneyslu. Samkvæmt niðurstöðunum skáru nemendur skólans sig ekki úr. Foreldraráðið boðaði fund þar sem farið var yfir niðurstöðurnar hvað varðar nemendur FG og þær skoðaðar út frá framhaldsskólanemendum í heild. Forvarnafulltrúi skólans er í góðu samstarfi við lögregluna og hefur fengið upplýsingar þaðan um stöðu mála. Samkvæmt könnuninni hefur náðst talsverður árangur í að minnka drykkju og vímuefnaneyslu framhaldsskólanemenda en samt er ljóst að neyslan stökkbreytist eftir að í framhaldsskóla er komið. Það er skoðun okkar að frekari árangur náist í samstarfi við foreldra og með samræmdum aðgerðum framhaldsskóla. Félag íslenskra framhaldsskóla hefur mótað sér forvarnarstefnu og bindum við vonir við að hún skili árangri

6. **Þar sem óánægja kom fram með mötuneyti er tilefni til að skoða betur hvort það stenst markmið verkefnisins Heilsueflandi skóli hyggist skólinn halda áfram þátttöku í því.**

Við höfum rætt þessa óánægja við rekstraraðila mötuneytisins. Vandamálið er að óánægjan er mjög misvísandi. Sumir eru óánægðir með að ekki sé selt gos og sælgæti, aðrir með að hollustu sé ekki gert nægilega hátt undir höfði, enn aðrir kvarta undan verði og aðrir afgreiðslutíma. Sumu er ekki hægt að bregðast við. Samkvæmt stefnu skólans verður ekki selt sælgæti eða gos í skólanum. Við höfum athugað verð sérstaklega og borið saman við aðra skóla og það er niðurstaða okkar að verði sé stillt í hof. Hvað varðar hollustuna þá er það flókið mál. Hollustan selst illa og er yfirleitt dýrari. Við leggjum áherslu á að það sé framboð af hollustu en óneitanlega er það stór hluti nemenda sem sækir þá annað. Nægt er framboðið af óhollustu. Besta leiðin til að auka framboð og neyslu á hollum mat væri ef skólinn tæki yfir rekstur mötuneytis nemenda og byði upp á hollan og ódýran mat. Miðað við núverandi fjárhagsstöðu skólans þá er það ekki verjandi að fara út í áhættusaman rekstur á mötuneyti skólans.

7. **Leitast verði við að jafna hlut kynja meðal starfsmanna og í námsvali nemenda sbr. jafnréttislög.**

FG hefur jafnréttisstefnu og vísar í hana í starfsauglýsingum en þar kemur fram markmið um sem jafnastan hlut kynja í öllum stöðum. Það hefur hinsvegar verið vandamál að mun færri karlmenn sækja um stöður í skólanum. Á það jafnt við um stöður sem losna sem auglýstar eru innan skólans og þegar verið er að auglýsa lausar stöður á Starfatorgi. Engu að síður mun skólinn nú sem áður reyna að jafna hlut kynja í stöðum innan skólans. Hvað nemendur varðar þá hefur skólinn hingað til ekki reynt að hafa áhrif á námsval nemenda. Nemendur velja sjálfi hvaða áfanga þeir hyggjast stunda á næstu önn. Nemendur sem koma inn í skólann hafa þegar valið sér braut og eru með ákveðin markmið. Við hjálpum þeim að ná markmiðum sínum en höfum ekki reynt að breyta því vali sem nemandinn gerir sjálfur. Hinsvegar er skólinn með áherslu á jafnrétti og allir nemendur fá fræðslu í kynjafræði í inngangsáfanga í félagsgreinum.



8. Skólinn og skólanefnd kanni betur með Garðabæ kosti og galla hugmyndar sveitafélagsins um að taka yfir rekstur skólans.

Samkvæmt bréfi frá fyrrverandi mennta- og menningarmálaráðherra, Katrínu Jakobsdóttur, stóð til að stofna aðgerðarhóp sem myndi kanna kosti og galla við yfirtöku sveitafélagsins á FG. Í hópnum eiga að vera fulltrúar ráðuneytisins, fulltrúi Garðabæjar, fulltrúi FG og fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitafélaga. Þessi hópur hefur ekki enn verið kallaður saman og óvíst hvort núverandi ráðherra hyggst koma þessum aðgerðarhópi á laggirnar. Stjórnendur skólans funduðu með bæjarstjóra í vor og ræddu stöðu mála. Stefna skólans hefur verið að auka samvinnu við Garðabæ á sem flestum sviðum og sjá hvort rekstrarformið er hindrandi þáttur. Á þessari önn er formleg samvinna á fjórum sviðum.

- a. FG prófar nemendur sem eru í framhaldsskólaáföngum í Garðaskóla.
- b. Nemendur í tíundabekk í Sjúlandsskóla og Álftanesskóla eru í fjarnámi í FG.
- c. Garðabær og FG rannsaka í sameiningu brottfall í Garðabæ og munu bjóða slíkum nemendum upp á námsúrræði ef þörf er á.
- d. FG er þátttakandi í Comeniusarverkefni ásamt Garðabæ og Garðaskóla.

9. Auka ætti samstarf við Háskóla Íslands.

FG vill gjarnan vera í góðu samstarfi við alla háskóla. Við námskráargerð var samvinna við listháskólann og í mörg ár höfum við tekið við nemendum í kennaranámi frá Háskóla Íslands, HR og Listaháskólanum. Ennfremur höfum við sótt sameiginlega fundi með háskólastiginu og framhaldsskólum. Það er engu að síður mat úttektaaðila að við ættum að auka samstarfið við háskóla og munum við skoða það sérstaklega á þessum vetri hvernig við getum aukið það samstarf í framtíðinni.

10. Auka má þátt upplýsingatækni enn frekar, enda læsi á upplýsingar og það að geta nýtt sér margvíslega tækni í þekkingarleit, grunnþættir og lykilhæfni í aðalnámskrá.

Þetta er þörf ábending og mun skólinn eftir fremsta megni verða við þessari ábendingu. Á þessari önn eru tölvur endurnýjaðar í einu tölvuveri. Ennfremur nýjar fartölvur keyptar í einni verkefnastofu og tölvur í kennslustofum endurnýjaðar sem og á bókasafni. Í nýrri námskrá skólans er mikil áhersla á verkefnanám og því ljóst að þáttur upplýsingatækni er umtalsverður. Óneitanlega er svo að þröngur fjárhagur er skólanum fjötur um fót og hefur komið í veg fyrir að tækjabúnaður sé endurnýjaður nægilega oft og fjárfest sé í nýjustu tækni. Mikilvægt er að bæta þráðlaust net skólans en það hefur dregist sökum þess að við höfum ekki haft til þess fjárhagslegt bolmagn.

Starfmenn skólans fara í október í vinnuferð til Vestur Virginíu og verður í heimsókninni lögð áhersla á að kynna sér nýjungar í kennsluháttum og hafa stjórnvöld þess ríkis verið í fararbroddi í að móta stefnu sem nýtir sér kosti upplýsingatækni og býr nemendur undir nám og starf á 21. öld.

11. Skoða mætti upplýsingagjöf umsjónarkennara um námsframvindu nemenda til foreldra nemenda undir 18 ára aldri.

Þetta er til athugunar innan skólans. Umsjónarkennarar hitta foreldra nýnema í upphafi annar á fundi fyrir foreldra nýnema. Þar er komið á tengslum og foreldrar hvattir til að hafa



samband við umsjónarkennara ef eitthvað er. Við erum fremur stolt af umsjónarkerfinu okkar. Umsjónarkennarar taka við hópi nýnema og fylgja honum í þrjú ár. Þeir kenna hópnum lífsleikni á fyrstu önn og þannig tryggjum við að umsjónarkennarar hitti sína nemendur oft í byrjun og kynnist þeim. Á hverri önn eru 7-8 umsjónartímar þar sem umsjónarkennarar hitta sína umsjónarnemendur. Foreldrar hafa greiðan aðgang að öllum upplýsingum og skólasókn og námsframvindu nemenda undir átján ár aldri. Vissulega væri hægt að auka upplýsingagjöf en það væri þá helst með foreldraviðtölum. Til þessa hefur það ekki tíðkast í flestum framhaldsskólum og talsverðar tregðu gætir meðal kennara innan skólans að taka slíkt kerfi upp hér.